

14.01.2004

13. löggjafarþing 2003-2004

Þksj. 698 – 473. mál

Sendandi: Gunnlaugur Árnason, f.h. Íslendingafélagsins í London

Á meðan íslenska ríkið stendur fyrir rekstri útvarps, hlýtur það að vera markmið þess að gera sem flestum kleift að ná útsendingum þess. Ríkisútvarp, og þá á ég bæði við sjónvarp og hljóðvarp, er oft á tíðum eini óháði fjölmiðill þjóðlands sem ekki er rekinn með beinu hagnaðarsjónarmiði, eða sem málpípa eigendanna. Og þess vegna er nauðsynlegt að slíkur miðill nái til sem flestra þegna þjóðfélagsins.

Sjómenn á farskipum, sem ekki hafa aðgang að sendingum útvarps frá Íslandi, eru í hópi þeirra sem ættu skilyrðislaust að hafa greiðan aðgang af verðurspám og öðrum fréttum sem geta skipt sköpum um öryggi þeirra á sjó. Sérstaklega ef upplýsingar er ekki annar staðar að fá.

Eins er það nauðsynlegt að koma fréttáflutningi af mikilvægum atburðum á hlutlausan hátt til þeirra landsmanna sem búa á afskekktum stöðum á landinu þannig að þeir geti fylgst með og tekið þátt í þeirri þjóðmálaumræðu sem skiptir þá máli, svo sem fréttum af Alþingi, veðurspám, kosningum og öðrum málum sem ríkismiðill ætti að miðla eftir bestu getu til sem flestra.

Íslendingar erlendis, sem skipta þúsundum, geta hins vegar ekki ætlast til þess að ná sendingum Ríkisútvarpsins þar sem þeir hafa valið sér búsetu í öðru landi. Öðru máli gegnir um þá sem búsettir eru á Íslandi, borga þar afnotagjöld og skatta fyrir aðgang að sjónvarpi og hljóðvarpi sem þeir geta ekki nýtt sér.

Auðvitað væri það kostur fyrir Íslendinga erlendis að geta náð sendingum Ríkisútvarpsins þar sem þeir búa, en tæknin nú er þannig að auðveldlega má nálgast fréttir að heiman í gegnum netmiðla. Og svo má ekki gleyma því að mikill hluti Íslendinga erlendis eru námsmenn sem hafa ekki úr miklu að móða og vildu eflaust frekar nota það litla sem aflögu er til þess að kynnast betur landi og þjóð þar sem þeir nema í stað þess að horfa á íslenskt sjónvarp sem til þarf gervitungradisk. En gera má ráð fyrir að fleiri hafi aðgang að netinu en slíkum búnaði.

Ef mögluleiki er á því að koma sendingum til sjómanna og fólks sem býr utan þess svæðis sem núverandi dreifikerfi nær til með öðrum og ódýrari hætti en í gegnum gervitungr væri það betri valkostur að þessu sinni, nema rök séu fyrir því að sendingar í gegnum gervihnött séu fjárfesting sem mun borga sig þegar til lengri tíma er litið.

Það verður að réttlæta þann kostnað sem í því felst að koma á reglulegum sendingum um gervitungr, og gera því góð skil hvaðan aukafé sem til þess þarf muni koma. Þurfa landsmenn að borga hærrí afnotagjöld, eða verður skattbyrði aukin annar staðar? Ef Alþingi felur menntamálaráðherra að gera áætlun um hvað það kostar að ráðast í framkvæmdir af þessu tagi, er ekki nema eðlilegt að aðrir möguleikar séu skoðaðir og bornir saman samtímis.